

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, mánudaginn 6. desember 2004, kl. 12:00 á skrifstofu rektors í Aðalbyggingu H.Í.

Mætt voru: Vilhjálmur Arnason, Ástríður Stefánsdóttir, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Páll Hreinsson og Salvör Nordal.

1. Vilhjálmur Arnason setti fundinn og bauð nýja stjórn velkomna til starfa, en hún var skipuð á fundi Háskólaráðs fimmtudaginn 21. október s.l. Stjórnin skipti því næst með sér verkum og var Vilhjálmur einróma endurkosinn formaður stjórnar.
2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
3. Forstöðumaður lagði fram yfirlit um fjármál ársins 2004. Gerði hann grein fyrir stöðu einstakra verkefna og taldi líklegt að farið yrði fram á styrk við rektor til að mæta fjárháanlegum útgjöldum ársins eins og munnlegur samningur við hann kveður á um. Fjallað um stjórnskipulega stöðu stofnunarinnar en formaður greindi frá þrýstingi um að allar stofnanir Háskólans heyrðu undir deildir. Rætt um möguleika Siðfræðistofnunar í þessu sambandi.
4. Útgáfumál. Forstöðumaður lagði fram yfirlit yfir útgáfu einstakra bóka um áramót 2003–4 hjá Háskólaútgáfunni. Þar kemur fram að Siðfræðistofnun á inni um þrjár milljónir. Munar þar mestu um söluhagnað af bókinni *Stefnur og straumar í siðfræði* eftir Rachels. Talsverð útgáfa hefur verið á vegum Siðfræðistofnunar á þessu ári. Útgáfa á ritröðinni *Siðfræði og samtími* hófst s.l. vor með bókinni *Sjálfræði og aldraðir* eftir Vilhjálmi Arnason og Ástríði Stefánsdóttur. Næsta bók í röðinni er nýkomin út sem er *Sjúkdómsvæðing* í ritstjórn Ólafs Páls Jónssonar og Andreu Ósk Jónsdóttur. Næstu bækur eru fyrirhugaðar um sjálfbæra þróun, samþykki í rannsóknum og gagnagrunna og persónuvernd. Þá kom út í tengslum við ráðstefnuna í ágúst bókin *Blood and Data* í ritstjórn Vilhjálms Árnasonar, Garðars Árnasonar og Salvarar Nordal.
5. Rannsóknaverkefni. 1) Síðasta ári ELSAGEN-Norfa verkefnisins er að ljúka. Í mars var haldinn fundur vegna þess í Lundi, í maí var fundur í Tartu og síðan 250 manna alþjóðleg ráðstefna í Reykjavík í ágúst. Ráðstefnan heppnaðist afar vel og skilaði nokkrum hagnaði. Verkefnið hefur gengið vel og skýrði Vilhjálmur frá því að náðst hefði samningur við Cambridge University Press um útgáfu bókar um gagnagrunna með niðurstöðum verkefnisins. Þá er einnig mikill áhugi hjá hinum erlenda rannsóknarhópi að halda samstarfinu áfram og var send inn ný umsókn í október til Evrópusambandsins. Einnig hefur verið send inn umsókn til Norfa um áframhald á Norfa samstarfsnetinu. 2) Tvær umsóknir voru sendar í haust í Kristnihátíðarsjóð fyrir verkefnið siðfræði og samtími undir stjórn Vilhjálms Árnasonar og síðanefndir starfsstétta undir stjórn Róberts H. Haraldssonar. Bæði verkefni eru framhaldsverkefni og hlaut hvort um sig eina milljón í styrk.

- 3) Náttúruverkefningu sem hefur fengið styrk úr Markáætlun um umhverfismál lýkur á þessu ári og hefur gengið vel. Verður lokaskýrslu skilað til Rannís fyrir árámót.
 - 4) Rannís hélt fund í nóvember þar sem gerð var upp Markáætlun um Upplýsingatækni og umhverfismál. Salvör kynnti þar verkefni Siðfræðistofnunar um gagnagrunna sem styrkt var af áætluninni.
 - 5) Stofnunin sendi inn umsókn í rannsóknasjóð Rannís sem er eins konar framhald verkefna um gagnagrunna á heilbrigðissviði.
 - 6) Rætt um ný rannsóknarverkefni eins og á sviði viðskiptasiðfræði og börn og siðfræði.
6. Fundir og málþing. 1) Dagana 24. og 25. september var haldin námsstefna um sjálfbæra þróun sem var liður í rannsóknarverkefningu um náttúrusiðfræði. Gekk námstefnan vel og héldu erindi fjórir erlendir gestir. 2) Haldið var málþing um sjálfræði aldraðra 18. nóvember í safnaðarheimili Neskirkju. Þar héldu erindi Vilhjálmur Árnason, Ástríður Stefánsdóttir, Jón Snædal, öldrunarlæknir og Margrét Margeirsdóttir, félagsráðgjafi. 3) Þann 9. desember verður haldið málþing um stofnfrumurannsóknir í Norræna húsinu. Þar munu halda erindi Þórarinn Guðjónsson, frumulíffræðingur, Vilhjálmur Árnason, prófessor, Dögg Pálsdóttir, lögmaður, Karl Sigurbjörnsson, biskup og Sigurður Guðmundsson, landlæknir. 4) Í.E. hefur óskað eftir samstarfi við Siðfræðistofnun um fund þar sem ræddar yrðu nýjustu rannsóknir í erfðafræði og siðferðileg álitamál. Fundurinn er áætlaður í febrúar. 5) Páll Skúlason verður sextugur í júní og af því tilefni skipuleggur Siðfræðistofnun í samvinnu við Heimspækistofnun málþing um heimspeki Páls, dagana 8. og 9. apríl. Um 15 fyrirlesurum hefur verið boðin þátttaka.
7. Starfstengd siðfræði verður næst í boði haustið 2005. Gert er ráð fyrir að boðið verði uppá M.Paed nám í heimspeki (og þ.ám. siðfræði) auk 30 ein. viðbótarnámsins.
8. Ýmis erindi. 1) Rætt um stofnun Landsiðaráðs en því máli hefur lítið þokað fram á síðustu misserum. 2) Forstöðumaður greindi frá því að stofnunin hefði styrkt tímaritið Hug í haust með auglýsingu um nýju ritröðina fyrir 100 þúsund krónur 3) Beiðni hefur borist frá Fræðsluneti Suðurlands um styrk vegna ráðstefnu í júní á næsta ári um náttúruheimspeki. Afgreiðslu frestað vegna óvissu um fjárhag stofnunarinnar.
9. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:50.

S.N.